

HAGAR HF: UPPGJÖR HAGA Á 2. ÁRSFJÓRÐUNGI 2025/26

Sterkur rekstur og nýr verslunarkjarni í Færeyjum

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir annan ársfjórðung 2025/26 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 16. október 2025. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2025. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf.

Helstu lykiltölur*

- **Vörusala** 2F nam 51.817 m.kr. (11,2% vöxtur frá 2F 2024/25). Vörusala 6M nam 99.932 m.kr. (10,2% vöxtur frá 6M 2024/25). [2F 2024/25: 46.579 m.kr., 6M 2024/25: 90.646 m.kr.]
- **Framlegð** 2F nam 12.874 m.kr. (24,8%) og 24.493 m.kr. (24,5%) fyrir 6M. [2F 2024/25: 10.174 m.kr. (21,8%), 6M 2024/25: 19.711 m.kr. (21,7%)]
- **Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)** 2F nam 5.485 m.kr. eða 10,6% af veltu. EBITDA 6M nam 9.531 m.kr. eða 9,5% af veltu. [2F 2024/25: 4.014 m.kr. (8,6%), 6M 2024/25: 7.228 m.kr. (8,0%)]
- **Hagnaður** 2F nam 2.556 m.kr. eða 4,9% af veltu. Hagnaður 6M nam 3.721 m.kr. eða 3,7% af veltu. [2F 2024/25: 1.723 m.kr. (3,7%), 6M 2024/25: 2.573 m.kr. (2,8%)]
- **Heildarafkoma** 2F nam 2.452 m.kr. og 3.641 m.kr. fyrir 6M. [2F 2024/25: 1.723 m.kr., 6M 2024/25: 2.573]
- **Grunnhagnaður á hlut** 2F var 2,33 kr. og 3,39 kr. fyrir 6M. [2F 2024/25: 1,59 kr., 6M 2024/25: 2,37 kr.]. **Þynntur hagnaður á hlut** 2F var 1,93 kr. og 2,99 kr. fyrir 6M. [2F 2024/25: 1,56 kr., 6M 2024/25: 2,33 kr.]
- **Eigið fé** nam 39.302 m.kr. í lok tímabils og **eiginfjárlutfall** 36,3%. [Árslok 2024/25: 38.489 m.kr. og 36,6%]
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2025/26 var hækkuð um 1.000 m.kr. þann 22. september sl. og gerir ráð fyrir að EBITDA verði á bilinu 17.000-17.500 m.kr.

Helstu fréttir af starfsemi

- **Rekstur á öðrum ársfjórðungi gekk vel** og var umfram áætlanir stjórnenda - sterk afkoma er **einkum vegna góðs reksturs Olís** en einnig hefur **rekstur SMS í Færeyjum gengið vel** og eftirspurn á dagvörumarkaði verið kröftug
- **Heimsóknum viðskiptavina** í dagvöruverslanir (á Íslandi) fjölgaði um tæp 5% á fjórðungnum. **Seldum stykkjum** fjölgaði einnig eða um tæp 2% á sama tíma.
- **Seldum eldsneytislítrum fækkaði** um 2,0% á fjórðungnum - aukin sala í smásölu en samdráttur hjá stórnotendum.
- **Framlegðarhlutfall nam 24,8% og hækkaði** um 3,0%-stig á fjórðungnum - án áhrifa SMS nam framlegðarhlutfall 23,9%.
- **Vildarkerfi Haga hleypt af stokkunum á næstunni** – aukin þjónusta, þægindi og hagkvæmni fyrir viðskiptavinum.
- **Olís** opnaði tvær nýjar **ÓB stöðvar** á fjórðungnum, í Búðardal og á Akureyri, auk nýrra **Glans þvottastöðva** á Selfossi og Grafarvogi.
- Á fjórðungnum stóðu yfir framkvæmdir hjá SMS við **uppbyggingu á tæplega 3.000 m² verslunarkjarna í Runavík í Færeyjum** – nýjar verslanir **Bónus** og **Rumbul**, auk veitingastaðar Sunset Boulevard og verslana 3. aðila, verða opnaðar í nóvember.
- Hagar **keyptu eigin hluti** að upphæð 395 m.kr. á fjórðungnum - samtals 3,7 milljónir hluta að nafnvirði.

*SMS varð hluti af samstæðu Haga á 4. ársfjórðungi 2024/25 og gæti áhrifa þeirra því ekki í samanburðartölum fyrra árs.

Finnur Oddsson, forstjóri:

Starfsemi Haga gengur vel á öllum sviðum félagsins. Tekjur og afkoma af rekstri á sumarmánuðum, öðrum fjórðungi rekstrarársins 2025/26, reyndist umfram áætlanir og var spá um rekstrarniðurstöðu uppfærð til samræmis þannig að nú er gert ráð fyrir að EBITDA ársins verði á bilinu 17.000 – 17.500 m.kr.

Vörusala á öðrum ársfjórðungi jókst um 11,2% miðað við sama tímabil í fyrra og nam 51.817 m.kr. Framlegð í krónum nam 12.874 m.kr., EBITDA 5.485 m.kr. og hagnaður 2.556 m.kr. – töluverð aukning á öllum afkomuþáttum á milli ára. Rekstur gekk vel á fjórðungnum en í samanburði við fyrra ár er mikilvægt að horfa til þess að SMS í Færeyjum er nú hluti af samstæðu Haga, sem og til þess að heimsmarkaðsverð olíu lækkaði á milli ára.

Á Íslandi voru tekjur tengdar verslunum og vöruhúsum tæplega 34,4 ma. kr., sem er aukning um 6,8% í samanburði við fyrra ár, og EBITDA-afkoma var 3,1 ma. kr. og styrktist um 5,1%. Viðskiptavinum sem heimsækja dagvöruverslanir félagsins hélt áfram að fjölga og seldum stykkjum einnig. Umsvif Bónus aukast á milli ára, en eins og fyrr er lágt vöruverð og virði fyrir viðskiptavinum í forgrunni hjá Bónus um allt land. Með skilvirkum rekstri og hagkvæmum innkaupum hefur tekist að lækka verð á um 900 vörum á milli ára, samhliða því að úrval hefur verið aukið, einkum í ferskvöru eins og ávöxtum og grænmeti, heilsuvörum og tilbúnum réttum sem spara fjölskyldum krónur, tíma og fyrirhöfn. Aukinni þjónustu Bónus við barnafjölskyldur hefur verið vel tekið, en fleiri en 3.500 Barnabox frá Bónus hafa verið afhent nýbökuðum foreldrum og yfir 20 tonn af íþróttanammi Latabæjar hafa ratað í ísskápa heimila og nestisbox barna það sem af er ári. Tekjuaukning og fjölgun viðskiptavina hjá Hagkaup sýnir að viðskiptavinir kunna að meta fjölbreytt vöruúrval og stöðugar nýjungar í þjónustu. Margvíslegir spennandi viðburðir og tilboðsdagar hafa verið vel sóttir og aukning er í öllum netverslunum Hagkaups, allt frá snyrtivöru yfir í veislurétti. Starfsemi Aðfanga og Banana er í samræmi við góðan gang í dagvöruverslun og rekstur annara eininga, Eldum rétt, Stórkaups og Zara, gekk heilt yfir vel.

Rekstur Olís gekk vel á sumarmánuðum og styrktist afkoma umtalsvert á milli ára. Tekjur voru 14,1 ma. kr. og drógust saman um tæp 5%, sem skýrist aðallega af lækkun á heimsmarkaðsverði olíu miðað við fyrra ár, en selt magn til stórnotenda dróst einnig lítillega saman. Góða afkomu Olís má m.a. rekja til þess að vel hefur gengið að skerpa á starfsemi þjónustustöðva og í rekstri félagsins í heild. Þetta endurspeglast annars vegar í hagræði í rekstrarkostnaði og hins vegar í almennt aukinni sölu á smásölumarkaði, eldsneyti, almennri vörusölu, veitingum og nýjum þjónustupáttum á borð við bílapvott eða afhendingar póstsendinga. Sumarið var einnig gott þegar horft er til umferðar ferðamanna á vegum landsins. Á fjórðungnum hófst starfsemi á tveimur nýjum eldsneytisstöðvum ÓB, á Akureyri og í Búðardal, og nýjar Glans bílapvottastöðvar opnuðu á Selfossi og í Grafarvogi.

Uppgangur er í starfsemi SMS í Færeyjum, m.a. í dagvöruverslun og rekstri veitingastaða. Tekjur námu 4 ma. kr., sem er umtalsverð aukning á milli ára og var afkoma vel umfram áætlanir. Áhersla hefur verið lögð á að fylgja eftir vaxtartækifærum í rekstri en í því samhengi hafa framkvæmdir í sumar við nýjan 3.000 m² verslunarkjarna í eigu SMS í Runavík gengið vel. Gert er ráð fyrir að um miðjan nóvember opni þar verslanir og veitingastaðir SMS auk verslana á vegum þriðja aðila.

Innviðir Haga, innri ferlar og þekking á sviði stafrænnar þjónustu hafa tekið stakkaskiptum á undanförunum misserum og árum. Birtingarmynd þessarar þróunar er að finna í fjölda netverslana og nýrra þjónustupátta sem standa viðskiptavinum til boða, s.s. netverslanir fyrir neytendur með leikföng eða snyrtivöru, fyrir stórnotendur með rekstrarvöru, ávexti og grænmeti, sjálfskönnunarlausnir í verslunum, öpp o.fl. Á grunni þessarar þekkingar og innviða verður á næstunni hleypt af stokkunum nýrri þjónustu við viðskiptavinum, vildarkerfi Haga, þar sem viðskiptavinir munu upplifa aukna þjónustu, þægindi og hagkvæmni. Til framtíðar er gert ráð fyrir því að vildarkerfi Haga skapi undirstöðu til að veita viðskiptavinum fjölbreytta og bætta þjónustu á vettvangi Haga og samstarfsaðila.

Eins og alltaf beittum við okkur af einurð gegn hækkunum á aðföngum í dagvöruverslun og leitum hagkvæmustu innkaupa og annarra leiða til að bjóða viðskiptavinum upp á sem lægst verð úr búð. Þó svo ákveðinn árangur hafi náðst, sem endurspeglast m.a. í lækkun á verði á umtalsverðum hluta af

vöruframboði Bónus, þá er matarverðbólga enn of há. Við treystum því að birgjar okkar gæti sérstaks aðhalds í verðhækkunum og um leið vonumst við til þess að stjórnvöld stuðli að stöðugleika og jafnvel lækkun verðlags á dagvöru.

Heilt yfir erum við ánægð með þróun samstæðu Haga þar sem áherslan síðustu tæp tvö ár hefur annars vegar verið á skilvirkni í rekstri og hins vegar á uppbyggingu nýrra stoða og tekjustrauma innan núverandi rekstrar. Góð byrjun á yfirstandandi rekstrarári endurspeglar að okkur miðar vel, afkoma er umfram áætlanir og við sjáum tækifæri til að styrkja starfsemi og rekstur enn frekar. Hagar búa að traustum fjárhag, öflugum rekstrarfélögum og frábæru starfsfólki sem leggur sig fram um að bæta lífskjör fjölda viðskiptavina sem sýna rekstrarfélögum okkar hollustu á hverjum degi. Þess vegna er staða Haga sterk og horfur í rekstri góðar.

Rekstrarreikningur samstæðunnar og starfspáttayfirlit

í millj. kr.	2F 2025/26 01.06.-31.08	2F 2024/25 01.06.-31.08	Breyting	Breyting %	6M 2025/26 01.03.-31.08	6M 2024/25 01.03.-31.08	Breyting	Breyting %
Vörusala	51.817	46.579	5.238	11,2%	99.932	90.646	9.286	10,2%
Kostnaðarverð seldra vara	(38.943)	(36.405)	(2.538)	7,0%	(75.439)	(70.935)	(4.504)	6,3%
Framlegð	12.874	10.174	2.700	26,5%	24.493	19.711	4.782	24,3%
Framlegð %	24,8%	21,8%	-	3,0%	24,5%	21,7%	-	2,8%
Aðrar rekstrartekjur	395	121	274	226,4%	713	263	450	171,1%
Laun og launatengd gjöld	(5.301)	(4.248)	(1.053)	24,8%	(10.628)	(8.625)	(2.003)	23,2%
Annar rekstrarkostnaður	(2.483)	(2.033)	(450)	22,1%	(5.047)	(4.121)	(926)	22,5%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	5.485	4.014	1.471	36,6%	9.531	7.228	2.303	31,9%
EBITDA %	10,6%	8,6%	-	2,0%	9,5%	8,0%	-	1,6%
Afskriftir	(1.544)	(1.231)	(313)	25,4%	(3.002)	(2.612)	(390)	14,9%
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	(124)	--	(124)	-	(297)	--	(297)	-
Rekstrarhagnaður (EBIT)	3.817	2.783	1.034	37,2%	6.232	4.616	1.616	35,0%
Hrein fjármagnsgjöld	(834)	(746)	(88)	11,8%	(1.793)	(1.535)	(258)	16,8%
Áhrif hlutdeildarféлага	165	127	38	29,9%	197	152	45	29,6%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	3.148	2.164	984	45,5%	4.636	3.233	1.403	43,4%
Tekjuskattur	(592)	(441)	(151)	34,2%	(915)	(660)	(255)	38,6%
Hagnaður tímabilsins	2.556	1.723	833	48,3%	3.721	2.573	1.148	44,6%
Önnur heildarafkoma samtals	(104)	--	(104)	-	(80)	--	(80)	-
Heildarafkoma samtals	2.452	1.723	729	42,3%	3.641	2.573	1.068	41,5%

Lykiltölur á 2. ársfjórðungi 2025/26

Vörusala á 2F nam 51.817 m.kr. og jókst um 11,2% milli ára (3,0% án SMS). Söluaukning verslana og vöruhúsa á Íslandi nam 6,8% en samdráttur var í sölu hjá Olís sem nam 4,8% milli ára, einkum vegna lægra heimsmarkaðsverðs á olíu.

Á 2F fjölgaði heimsóknum viðskiptavina í dagvöruverslunum (á Íslandi) um tæp 5% milli ára og seldum stykkjum fjölgaði um tæp 2%. Seldum eldsneytislítrum fækkaði um 2%, aukning á smásölumarkaði en samdráttur hjá stórnotendum.

Framlegð á 2F nam 12.874 m.kr. og jókst um 26,5% milli ára (12,8% án SMS) og framlegðarhlutfall nam 24,8% (23,9% án SMS) - auk áhrifa af SMS hækka framlegðarhlutfall einkum vegna Olís en í dagvöruverslunum á Íslandi stendur framlegðarhlutfallið nánast í stað.

Rekstrarkostnaður samtals hækka um 23,9% milli ára sem skýrist að stærstum hluta af áhrifum SMS (7,4% án SMS). Launa- og kostnaðarhlutfall á 2F hækka úr 13,5% í 15,0%.

EBITDA 2F nam 5.485 m.kr. og jókst um 36,6% milli ára (21,9% án SMS). EBITDA jókst um 5,1% hjá verslunum og vöruhúsum á Íslandi og um 69,9% hjá starfspætti Olís. EBITDA starfspáttar SMS í Færeyjum nam 593 m.kr.

Hagnaður 2F nam 2.556 m.kr. í samanburði við 1.723 m.kr. á fyrra ári sem er 48,3% hækka.

Rekstur á fyrri árshelmingi 2025/26

Vörusala á fyrri árshelmingi nam 99.932 m.kr., samanborið við 90.646 m.kr. árið áður eða 10,2% söluaukning (2,0% án SMS). Söluaukning verslana og vöruhúsa á Íslandi nam 6,8% en samdráttur var í sölu hjá Olís sem nam 8,7%.

Framlegð á fyrri árshelmingi nam 24.493 m.kr. og jókst hún um 24,3% milli ára. Framlegðarhlutfall nam 24,5% og hækkaði um 2,8%-stig frá fyrra ári. Hækkun framlegðarhlutfalls má rekja til áhrifa af viðbót SMS í samstæðuna auk hækkunar hjá Olís, m.a. vegna lægra heimsmarkaðsverðs á olíu.

Heildarrekstrarkostnaður hækka um 23,0% milli ára en hækka án áhrifa SMS nemur 7,2%. Launa- og kostnaðarhlutfall hækka úr 14,1% í 15,7% á tímabilinu.

EBITDA nam 9.531 m.kr. og jókst um 31,9% (16,3% án SMS). EBITDA-hlutfall var 9,5%.

Afskriftir námu 3.002 m.kr. og hækkuðu um 14,9% milli ára. Matsbreyting fjárfestingarfasteigna var neikvæð um 297 m.kr. og hrein fjármagnsgjöld námu 1.793 m.kr. og hækkuðu um 16,8% frá fyrra ári.

Hagnaður tímabilsins nam 3.721 m.kr. eða 3,7% af veltu. Hagnaður fyrra árs nam 2.573 m.kr. eða 2,8% af veltu.

Heildarafkoma nam 3.641 m.kr. en þar af nam endurmat fasteigna, sem fært er beint á eigið fé, 68 m.kr. og þýðingarmunur var neikvæður um 148 m.kr.

Starfspáttayfirlit samstæðunnar á 2. ársfjórðungi og fyrri árshelmingi 2025/26

Samstæða Haga samanstendur af þremur starfspáttum. Þeir eru verslanir og vöruhús á Íslandi, verslanir og vöruhús í Færeyjum og starfsemi Olís.

2F 2025/26 í millj. kr.	Verslanir og vöruhús Ísland	Olís	Verslanir og vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	34.251	14.026	3.813	(273)	51.817
Aðrar rekstrartekjur	185	61	224	(75)	395
Heildartekjur starfspáttá	34.436	14.087	4.037	(348)	52.212
Heildarrekrstrargjöld starfspáttá	(31.311)	(12.320)	(3.444)	348	(46.727)
EBITDA starfspáttá	3.125	1.767	593	--	5.485
Afskriftir starfspáttá	(1.123)	(272)	(149)	--	(1.544)
Matsbreyting starfspáttá	(60)	(2)	(62)	--	(124)
Áhrif hlutdeildarféлага	39	126	--	--	165
Rekstrarafkoma starfspáttá	1.981	1.619	382	--	3.982
Hrein fjármagnsgjöld	(580)	(143)	(111)	--	(834)
Tekjuskattur	--	--	--	--	(592)
Hagnaður tímabilsins	--	--	--	--	2.556

6M 2025/24 í millj. kr.	Verslanir og vöruhús Ísland	Olís	Verslanir og vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	67.656	25.354	7.427	(505)	99.932
Aðrar rekstrartekjur	375	88	400	(150)	713
Heildartekjur starfspáttá	68.031	25.442	7.827	(655)	100.645
Heildarrekrstrargjöld starfspáttá	(62.186)	(22.877)	(6.706)	655	(91.114)
EBITDA starfspáttá	5.845	2.565	1.121	--	9.531
Afskriftir starfspáttá	(2.117)	(557)	(328)	--	(3.002)
Matsbreyting starfspáttá	(58)	(11)	(228)	--	(297)
Áhrif hlutdeildarféлага	28	169	--	--	197
Rekstrarafkoma starfspáttá	3.698	2.166	565	--	6.429
Hrein fjármagnsgjöld	(1.244)	(328)	(221)	--	(1.793)
Tekjuskattur	--	--	--	--	(915)
Hagnaður tímabilsins	--	--	--	--	3.721

2F 2024/25 í millj. kr.	Verslanir og vöruhús Ísland	Olís	Verslanir og vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	32.081	14.734	--	(236)	46.579
Aðrar rekstrartekjur	176	22	--	(77)	121
Heildartekjur starfspáttá	32.257	14.756	--	(313)	46.700
Heildarrekrstrargjöld starfspáttá	(29.283)	(13.716)	--	313	(42.686)
EBITDA starfspáttá	2.974	1.040	--	--	4.014
Afskriftir starfspáttá	(1.014)	(217)	--	--	(1.231)
Matsbreyting starfspáttá	--	--	--	--	--
Áhrif hlutdeildarféлага	44	83	--	--	127
Rekstrarafkoma starfspáttá	2.004	906	--	--	2.910
Hrein fjármagnsgjöld	(619)	(127)	--	--	(746)
Tekjuskattur	--	--	--	--	(441)
Hagnaður tímabilsins	--	--	--	--	1.723

6M 2024/25 í millj. kr.	Verslanir og vöruhús Ísland	Olís	Verslanir og vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	63.324	27.777	--	(455)	90.646
Aðrar rekstrartekjur	363	47	--	(147)	263
Heildartekjur starfspáttá	63.687	27.824	--	(602)	90.909
Heildarrekrstrargjöld starfspáttá	(58.266)	(26.017)	--	602	(83.681)
EBITDA starfspáttá	5.421	1.807	--	--	7.228
Afskriftir starfspáttá	(2.019)	(593)	--	--	(2.612)
Matsbreyting starfspáttá	--	--	--	--	--
Áhrif hlutdeildarféлага	42	110	--	--	152
Rekstrarafkoma starfspáttá	3.444	1.324	--	--	4.768
Hrein fjármagnsgjöld	(1.286)	(249)	--	--	(1.535)
Tekjuskattur	--	--	--	--	(660)
Hagnaður tímabilsins	--	--	--	--	2.573

Breyting 2F milli ára %	Verslanir og vöruhús Ísland	Olís	Verslanir og vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	6,8%	-4,8%	-	15,7%	11,2%
Aðrar rekstrartekjur	5,1%	177,3%	-	-2,6%	226,4%
Heildartekjur starfspáttá	6,8%	-4,5%	-	11,2%	11,8%
Heildarrekrstrargjöld starfspáttá	6,9%	-10,2%	-	11,2%	9,5%
EBITDA starfspáttá	5,1%	69,9%	-	-	36,6%
Afskriftir starfspáttá	10,7%	25,3%	-	-	25,4%
Matsbreyting starfspáttá	-	-	-	-	-
Áhrif hlutdeildarféлага	-11,4%	51,8%	-	-	29,9%
Rekstrarafkoma starfspáttá	-1,1%	-	-	-	36,8%
Hrein fjármagnsgjöld	-6,3%	12,6%	-	-	11,8%
Tekjuskattur	--	--	--	--	34,2%
Hagnaður tímabilsins	--	--	--	--	48,3%

Breyting 6M milli ára %	Verslanir og vöruhús Ísland	Olís	Verslanir og vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	6,8%	-8,7%	-	11,0%	10,2%
Aðrar rekstrartekjur	3,3%	87,2%	-	2,0%	171,1%
Heildartekjur starfspáttá	6,8%	-8,6%	-	8,8%	10,7%
Heildarrekrstrargjöld starfspáttá	6,7%	-12,1%	-	8,8%	8,9%
EBITDA starfspáttá	7,8%	41,9%	-	-	31,9%
Afskriftir starfspáttá	4,9%	-6,1%	-	-	14,9%
Matsbreyting starfspáttá	-	-	-	-	-
Áhrif hlutdeildarféлага	-33,3%	53,6%	-	-	29,6%
Rekstrarafkoma starfspáttá	7,4%	63,6%	-	-	34,8%
Hrein fjármagnsgjöld	-3,3%	31,7%	-	-	16,8%
Tekjuskattur	--	--	--	--	38,6%
Hagnaður tímabilsins	--	--	--	--	44,6%

Starfsemi verslana og vöruhúsa, bæði á Íslandi og í Færeyjum, er að stærstum hluta í smásölurekstri dagvöru. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist, auk sölu skyndibita og ýmissa nauðsynjavara. Olís rekur þjónustustöðvar víðsvegar um landið undir vörumerki Olís en rekur auk þess fjöldann allan af ÓB sjálfsafgreiðslustöðvum.

Starfspáttur verslana og vöruhúsa á Íslandi felur í sér starfsemi Bónus, Hagkaups, Aðfanga, Banana, Stórkaups, Noron og Eldum rétt. Starfsemi Haga Wine B.V. í Hollandi fellur einnig hér undir en vegna smæðar starfseminnar og einkenna hennar er ekki um sérstakan starfspátt að ræða, þrátt fyrir annað landsvæði.

Starfspáttur verslana og vöruhúsa í Færeyjum inniheldur alla starfsemi SMS samstæðunnar sem einkum samanstendur af rekstri dagvöruverslana Bónus, Miklagarður og Mylnan en einnig rekstri veitingastaða, sérvöruverslana, kjötvinnslu, brauð- og kökugerðar sem og rekstri fasteigna.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	31.08.2025	28.02.2025	Breyting	Breyting %
Eignir				
Fastafjármunir	81.154	81.876	(722)	-0,9%
Veltufjármunir	27.065	23.160	3.905	16,9%
Eignir samtals	108.219	105.036	3.183	3,0%
Eigið fé og skuldir				
Hlutfé	1.095	1.098	(3)	-0,3%
Annað eigið fé	38.237	37.423	814	2,2%
Eigið fé hluthafa móðurfélags	39.332	38.521	811	2,1%
Hlutdeild minnihluta	(30)	(32)	2	-6,3%
Eigið fé samtals	39.302	38.489	813	2,1%
Langtímaskuldir	36.954	36.967	(13)	0,0%
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	5.953	6.278	(325)	-5,2%
Aðrar skammtímaskuldir	26.010	23.303	2.707	11,6%
Skuldir samtals	68.917	66.547	2.370	3,6%
Eigið fé og skuldir samtals	108.219	105.036	3.183	3,0%

Lykiltölur efnahags 31.08.2025

- Heildareignir samstæðunnar í lok annars ársfjórðungs námu 108.219 m.kr. og hækkuðu um 3.183 m.kr. frá árslokum 2024/25 eða um 3,0%.
- Fastafjármunir námu 81.154 m.kr. og lækkuðu um 722 m.kr. frá árslokum 2024/25.
- Veltufjármunir námu 27.065 m.kr. og hækkuðu um 3.905 m.kr. frá árslokum 2024/25 en þar af hefur handbært fé hækkað um 2.605 m.kr. á tímabilinu.
- Vörubirgðir námu 13.085 m.kr. í lok tímabils og lækkuðu um 889 m.kr. á tímabilinu. Veltuhraði birgða í lok ágúst var 11,0 til samanburðar við 11,1 á fyrra ári og 10,3 í árslok 2024/25. Innheimtutími viðskiptakrafna var 13,5 dagar til samanburðar við 13,3 daga á fyrra ári, en innheimtutími var 10,2 dagar í lok árs 2024/25.
- Veltufjárhlutfall nam 0,85 í lok ágúst, í samanburði við 0,87 í fyrra. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að upphæð 3,0 ma. kr. hjá viðskiptabanka er tryggður, auk þess sem félagið fjármagnar sig til skamms tíma með útgáfu vísla.
- Eigið fé í lok tímabils nam 39.302 m.kr. og eiginfjárhlutfall var 36,3%. Eiginfjárhlutfall var 36,6% í árslok 2024/25. Arðsemi eigin fjár var 28,9% til samanburðar við 17,8% í fyrra. Félagið átti eigin bréf að nafnverði 11,8 milljónir í lok tímabils.
- Heildarskuldir samstæðunnar í lok tímabils námu 68.917 m.kr. og hækkuðu um 2.370 m.kr. frá lokum síðasta árs.
- Vaxtaberandi skuldir námu 23.099 m.kr. og leiguskuldir 18.766 m.kr. Nettó vaxtaberandi skuldir, með leiguskuldum, í lok tímabils voru 36.961 m.kr. eða 2,4 x 12 mánaða EBITDA.
- Vaxtaberandi skammtímaskuldir námu 5.953 m.kr. en þar af námu víxilskuldir 1.380 m.kr. og skammtímafjármögnun í dönskum krónum vegna kaupa félagsins á SMS nam 3.832 m.kr.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar

í millj. kr.	2F 2025/26 01.06.-31.08	2F 2024/25 01.06.-31.08	Breyting	Breyting %	6M 2025/26 01.03.-31.08	6M 2024/25 01.03.-31.08	Breyting	Breyting %
Handbært fé frá rekstri	3.780	1.667	2.113	126,8%	9.181	5.557	3.624	65,2%
Fjárfestingarhreyfingar	(1.058)	(485)	(573)	118,1%	(2.099)	(1.099)	(1.000)	91,0%
Fjármögnunarhreyfingar	(3.688)	(2.772)	(916)	33,0%	(4.465)	(3.301)	(1.164)	35,3%
Hækkun á handbæru fé	(966)	(1.590)	624	-39,2%	2.617	1.157	1.460	126,2%
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(6)	--	(6)	-	(12)	--	(12)	-
Handbært fé í byrjun tímabils	5.876	4.574	1.302	28,5%	2.299	1.827	472	25,8%
Handbært fé í lok tímabils	4.904	2.984	1.920	64,3%	4.904	2.984	1.920	64,3%

Sjóðstreymi á fyrri árshelmingi 2025/26

- Handbært fé frá rekstri nam 9.181 m.kr. á fyrri árshelmingi, samanborið við 5.557 m.kr. á fyrra ári.
- Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins námu 2.099 m.kr., samanborið við 1.099 m.kr. á fyrra ári. Fjárfestingar eru einkum vegna umbóta í nokkrum verslunum Bónus og Hagkaups, nýrra þvottastöðva Glans hjá Olís og tveggja nýrra ÓB stöðva. Hjá SMS í Færeyjum var fjárfest í fasteign, endurbótum og uppsetningu verslana Bónus og Rumbul ásamt veitingastaðnum Sunset Boulevard sem myndar nýjan verslunarkjarna í Runavík. Fjárfestingar í óefnislegum eignum, þ.e. hugbúnaði og öðrum stafrænum lausnum, nam 509 m.kr. á tímabilinu.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins voru 4.465 m.kr., samanborið við 3.301 m.kr. á fyrra ári. Fjárhæð endurkaupa eigin bréfa nam 395 m.kr. á tímabilinu en til samanburðar voru ekki keypt eigin bréf á fyrra ári.
- Handbært fé hækkaði um 2.605 m.kr. á tímabilinu, að teknu tilliti til áhrifa gengisbreytinga, og nam 4.904 m.kr. í lok tímabils, samanborið við 2.984 m.kr. í lok samanburðarárs.

Staðan og framtíðarhorfur

Árið fer vel af stað og horfur í rekstri Haga eru almennt góðar. Rekstur annars ársfjórðungs var umfram áætlanir og var afkomuspá stjórnenda hækkuð um 1.000 m.kr. í september sl. Sterka afkomu á öðrum ársfjórðungi má einkum rekja til þriggja þátta. Rekstur Olís hefur verið vel umfram áætlanir, m.a. vegna góðs árangurs í eldsneytishluta félagsins, mikillar þurrvörusölu og hagræðingar í rekstri þjónustustöðva. Á sama tíma hefur rekstur SMS í Færeyjum gengið vel og er umfram spár stjórnenda. Að lokum hefur eftirspurn á dagvörumarkaði verið kröftug og umsvif aukist.

Þróun rekstrarumhverfis íslenskra fyrirtækja og efnahagslífs almennt hefur verið hægfara til betri vegar undanfarin misseri. Verðbólga hefur reynst þrálát og vaxtastig þess vegna lækkað hægar en vonir stóðu til. Auk þess hafa blikur verið á lofti, m.a. vegna aukinnar hættu á tollum og viðskiptahindrunum ásamt óvissu um þróun olúverðs vegna stríðsátaka. Áhrif þessa á rekstur Haga hafa hingað til verið óveruleg. Staða Haga er sterk og hefur félagið burði til að mæta áskorunum sem upp kunna að koma í íslensku atvinnulífi og efnahagsumhverfi.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2025/26 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 17.000-17.500 m.kr. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 3,0 ma. kr. er tryggður en einnig hefur félagið nýtt sér skammtímafjármögnun í formi víxlaútgáfu. Útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlýsingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið nýti sér áfram markaðsfjármögnun á næstu misserum.

Um Hagar

Hagar er leiðandi verslunarfyrirtæki með fjölbreytta starfsemi á Íslandi, í Færeyjum og í Hollandi, einkum á dagvöru- og eldsneytismarkaði. Á Íslandi starfrækja Hagar 40 dagvöruverslanir, 22 Olís þjónustustöðvar, 45 ÓB-stöðvar, tvö vöruhús, eina framleiðslustöð, eina netverslun með matarþakka, eina birgðaverslun og eina sérvöruverslun. Kjarnastarfsemi Hagar á Íslandi er á sviði dagvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu. Í Færeyjum starfrækja Hagar verslunarfélagið SMS sem er leiðandi á færeyska markaðinum en SMS rekur m.a. 13 dagvöruverslanir, sex veitingastaði og þrjár sérvöruverslanir. Í Hollandi starfrækja Hagar eina netverslun með áfengi.

Hlutfé og hluthafar

- Markaðsvirði Hagar í lok tímabilsins nam 115,1 ma. kr. og lokaverð þann 31. ágúst 2025 var 104,0 kr./hlut.
- Skráð hlutfé Hagar í lok tímabilsins nam 1.106 m.kr. Félagið átti 11,8 milljón eigin hluti í lok tímabils og er útistandandi hlutfé því 1.095 m.kr.
- Þann 27. maí 2025 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50,0% af hagnaði síðasta reikningsárs, án áhrifa matsbreytinga og hlutdeildarféлага, eða samtals 2.504 m.kr. Arðgreiðslan nam því 2,28 kr. á hlut útistandandi hlutafjár. Arðurinn var greiddur þann 5. júní 2025.
- Hluthafar voru 923 í byrjun tímabils og 929 í lok þess. 10 stærstu hluthafar félagsins áttu 76,1% eignarhlut í félaginu í lok annars ársfjórðungs.

Kynningarfundur föstudaginn 17. október 2025

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn á Nauthól, Nauthólsvegi 106 í Reykjavík, föstudaginn 17. október kl. 08:30. Þar munu Finnur Oddsson, forstjóri, og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna rekstur og afkomu félagsins ásamt því að svara fyrirspurnum.

Fundinum verður auk þess streymt og er skráning á streymið hér: <https://www.hagar.is/skraning>.

Kynningargögn verða aðgengileg á heimasíðu Hagar, www.hagar.is, við upphaf fundar.

Fjárhagsdagatal 2025/26

Breyting hefur verið gerð á fjárhagsdagatali 2025/26. Birting uppgjörs 3. ársfjórðungs er nú áætluð þann 15. janúar 2026 í stað 14. janúar áður.

Fjárhagsupplýsingar eru birtar eftir lokun markaða.

Uppgjörstímabil	Vikudagur	Birtingardagur
3F – 1. mars til 30. nóvember	Fimmtudagur	15. janúar 2026
4F – 1. mars til 28. febrúar	Þriðjudagur	21. apríl 2026
Aðalfundur 2026	Fimmtudagur	21. maí 2026

Gögn vegna fjárfestakynningar verða aðgengileg á ensku þann 20. október á <https://www.hagar.is/en/>

Presentation materials will be available in English on October 20th at <https://www.hagar.is/en/>

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson, forstjóri félagsins (fo@hagar.is), og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (geg@hagar.is), í síma 530-5500 eða tölvupósti.
